

Nd. **528. Breytingartillögur** [112. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá Geir Gunnarssyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 3. gr., c-lið.

1. Í stað fyrri málslíðar komi:

Frá hreinum tekjum má niðurjöfnunarnefnd draga þann hluta útsvara s. l. árs, sem greiddur hefur verið fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

2. Aftan við liðinn bætist:

Eigi skal þó frá hreinum tekjum draga þá upphæð, sem á vantar hinn 2. júní næst á undan niðurjöfnun, að gerð hafi verið fullnaðarskil á fyrirframgreiðslu útsvars samkv. ákvörðun sveitarstjórnar.